

167. mál frá nefndasviði Alþingis.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sendir mér og öðrum skólameisturum framhaldsskóla, til umsagnar, tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

Ég sendi neðangreindar athugasemdir í samráði við Kristinn Þorsteinsson, formann Skólameistarafélagsins og skólameistara FG, sem og í samráði við nokkurn hóp skólameistara. Þær eru ekki tæmandi úttekt á tillögupakkanum.

Staða framhaldskólans þarf að vera skýr í svona plaggi og ljóst undir hvaða ráðherra skólastigið heyrir. Það virðist sem eitt ráðuneyti taki á málefnum barna upp að 18 ára aldri og þar með þeim skólastigum sem því aldursbili tilheyra.

Það er hins vegar ekki nóg. Af lestri tillögunnar fæ ég með góðu móti ekki séð að hugsað hafi verið til enda hver staða framhaldsskólans er í þessum máli. Nýskipaður ráðherra hefur rætt um börn á framhaldsskólastigi, sem eru þá nemendur undir 18 ára aldri. Hvað með önnur þrep þess?

Skv. Hagstofu Íslands voru skráðir nemendur á framhaldsskólastigi 21.186 á árinu 2019. Þar af voru. liðlega 8.000 (38%) nemenda skólastigsins undir 18 ára aldri. Með öðrum orðum, - 62% þeirra nemenda sem voru skráð í nám í framhaldsskólum voru 18 ára eða eldri. Því miður veitir Hagstofan ekki nýrri tölur en þetta hefur tæplega breyst mikið.

Í þingsályktunartillögunni er framhaldsskólinn ekki nefndur á nafn. Sem er bagalegt því innan hans fer fram margslungið nám sem skilgreint er í námskrá, bundið í lög og veitir löggilt starfsréttindi. Ekki má gleyma því að í framhaldsskólum er nám á fjórða þrepi sem er í raun nám á fagháskólastigi og hvar á það heima? Að auki standa flestir ef ekki allir skólanna að heilsueflingu og umhverfisfræðslu, t.d. í grænánaverkefni. Enda veitir ekki af að ala börnin okkar upp með góða heilsu-og umhverfisvitund, því þau þurfa að takast á við vandasama framtíð.

Ég leyfi mér einnig að benda á að í stjórnarsáttmálanum nýja er framhaldsskólinn einungis nefndur tvívegis, annars vegar í opinni setningu um fjármögnun og hins vegar um það að efldar verði jafnréttis- og kynfræðsla og ofbeldisforvarnir. Hvort um sig mikilvæg mál en það þarf að skoða hvernig hagur og nám tveggja þriðju hluta nemenda á framhaldsskólastigi verði skilgreindur inn í þetta nýja og spennandi kerfi.

Með vinsemd og virðingu
Magnús Þorkelsson,
Skólameistari Flensborgarskólans.